
Tenging Blönduveitu með 66 kV jarðstreng, Húnavatnshreppi

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að tenging Blönduveitu með 66 kV jarðstreng í Húnavatnshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Húnavatnshrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig leyfi Orkustofnunar til flutnings raforku skv. raforkulögum. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022. Ekki er hægt að staðfesta aðalskipulagbreytinguna fyrr en eða um leið og samsvarandi breyting á svæðisskipulagi Miðhálandisins hefur verið staðfest.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 27. júní 2014.

Skipulagsstofnun

21. maí 2014

INNGANGUR

Þann 4. apríl 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um fyrirhugaða tengingu Blönduveitu með 66 kV jarðstreng í Húnavatnshreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 3 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Húnavatnshrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Húnavatnshreppi með bréfi dags. 13. maí 2014, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvubrési dags. 15. maí 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 28. apríl 2014, Orkustofnun með bréfi dags. 28. apríl 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. apríl 2014. Frekari upplýsingar bárust frá Landsneti með tölvubrési dags. 20. maí 2014.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Landsvirkjun áformar frekari nýtingu falls á núverandi veituleið Blönduvirkjunar, frá Blöndulóni að Gilsárlóni skammt ofan Blöndustöðvar. Fyrirhugað er að reisa allt að þrjár virkjanir en heildarfall milli Blöndulóns og Gilsárlóns, inntakslóns Blöndustöðvar, er 68 m ef bæði lónin eru full. Heildarorkugeta viðkomandi virkjana er áætluð um 194 GWh/a og afl þeirra allt að 34 MW. Landsnet ber ábyrgð á að tengja við flutningskerfið virkjanir sem eru 10 MW eða stærri. Í þeim tilgangi hyggst fyrirtækið leggja 66 kV jarðstreng ásamt ljósleiðara, um 25 km leið frá fyrirhugaðri Kolkuvirkjun við Blöndulón meðfram Kjalvegi að Blöndustöð.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að frá Kolkuvirkjun muni strengurinn liggja norðvestan við Kjalveg og síðan á milli vatnanna Þrístiklu og Galtabóls og áfram þangað til komið verði á móts við fyrirhugaða Friðmundarvirkjun, sunnan við Austara-Friðmundarvatn. Þar verði lögð lykkja á leiðina á um 800 metra kafla að og frá virkjuninni. Strengleiðin haldi svo áfram meðfram Kjalvegi nema á tæplega tveggja km löngum kafla þar sem hann víki frá Kjalvegi og verði lagður meðfram slóða til móts við fyrirhugaða Þramarvirkjun. Þar sem strengurinn komi aftur inn á Kjalveg af slóðanum liggja hann austan megin vegarins og endi í tengivirki við Blöndustöð. Fram kemur að grafinn verði rúmlega meters breiður og um 1,3 m djúpur skurður fyrir jarðstrenginn og ljósleiðarann, botninn þakinn sandi eða fingerðu efni og strengjunum komið fyrir á skurðbotninum. Eins og fram kemur muni jarðstrengurinn að mestu liggja samsíða Kjalvegi en þar sem hann víki frá veginum, við Þramarvirkjun og Friðmundarvirkjun, muni strengleiðin að mestu fylgja fyrirhuguðum aðkomuvegum að virkjununum eða aðveituskurði. Á þeim köflum sem ekki eigi að leggja aðkomuvegi í tengslum við virkjanaframkvæmdir sé gert ráð fyrir að leggja 4-5 m breiða, 40 cm þykka malarborna slóða meðfram strengjunum á þremur köflum um óraskað svæði, alls rúmlega tveggja km leið. Talið að mesta raskið við lagningu. Að öðru leyti mun jarðstrengsleiðin liggja innan þegar raskaðs svæðis. Fram kemur að efnisþörf sé áætluð um 25.000 m³ og muni efni koma úr skurði og einnig úr námum með tilskilin leyfi.

Umhverfisáhrif. Fram kemur að neikvæð umhverfisáhrif felist aðallega í raski á gróðurþekju vegna lagningar strengs og slóða á fyrrnefndum þremur köflum þar sem strengleiðin víki frá Kjalvegi. Að framkvæmd lokinni verði sáð í gróðursár og landi komið í fyrra horf. Að teknu tilliti til þess að strengleiðin sé að mestu leyti meðfram núverandi vegi þar sem gróðri hafi þegar verið raskað eða meðfram fyrirhuguðum slóðum vegna virkjana, sé ekki talið að rask á gróðurlendi verði umfangsmikið. Lagning jarðstrengsins geti haft neikvæð áhrif á búsvæði fugla á framkvæmdatíma, en vegna takmarkaðs umfangs og nálægðar við veg sé líklegt að þau áhrif verði óveruleg. Ekki sé gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á fornminjar. Staðsetning minja liggja fyrir og verði tekið tillit til þeirra við lokahönnun á jarðstrengsleið og þess gætt að fornleifunum verði ekki raskað á framkvæmdatíma.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögn Húnavatnshrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar eru ekki gerðar athugasemdir við greinargerð Landsnets og ekki talin þörf á að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Minjastofnun Íslands bendir á í umsögn sinni að í greinargerð Landsnets er getið um 11 fornleifar innan marka rannsóknarsvæðis fyrir Blönduveitu en staðsetning þeirra ekki sýnd á loftmynd í greinargerð Landsnets sem sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Ef sú loftmynd er borin saman við loftmynd, sem sýnir staðsetningu fornleifa, í skýrslu um fornleifaskráningar, verður ekki betur séð en einhverjar af fornleifum 12 - 22 liggja nærri jarðstrengsleiðinni. Í greinargerð Landsnets segir að staðsetning fornleifa liggja fyrir og að tekið verði tillit til þeirra við lokahönnun á jarðstrengsleið og þess gætt að fornleifunum verði ekki raskað á framkvæmdatíma. Minjastofnun Íslands telur mikilvægt að samráð verði haft við starfsmann stofnunarinnar á svæðinu, minjavörð Norðurlands vestra, um endanlega legu strengsins og að fylgt verði fyrirmælum hans um mögulegar mótvægisáðgerðir gagnvart einstaka fornleifum. Að því gefnu að tekið verði tillit til þessara ábendinga telur Minjastofnun Íslands að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Landsnets kemur fram að framkvæmdaraðili hafi skoðað nánar yfirlitskort yfir fornleifar og borið saman við yfirlitskort af strengjaleið. Fornleifar 12-22 liggja að svo virðist (skv. yfirlitskorti í fornleifaskýrslunni) vestanmegin við núverandi Kjalveg en strengjaleiðin muni liggja austanmegin við veginn. Samkvæmt þessum upplýsingum séu fornleifar 12-22 ekki innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Framkvæmdaraðili tekur undir með Minjastofnun Íslands um mikilvægi þess að haft verði samráð við starfsmann stofnunarinnar á svæðinu um endanlega legu strengsins og að fylgt verði fyrirmælum hans um mögulegar mótvægisáðgerðir gagnvart einstaka fornleifum ef þess þurfi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 66 kV jarðstrengs sem hefur það hlutverk að tengja fyrirhugaðar virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar við flutningskerfið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fyrir liggur að um er að ræða tiltölulega umfangslitla framkvæmd þó að fyrirhugað sé að leggja jarðstrenginn all langa vegalengd eða um 25 km. Umfang skurðar er hins vegar lítið og framkvæmasvæðið er þegar raskað að miklu leyti og fylgir að stærstum hluta núverandi Kjalvegi eða aðkomuvegum vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Á afmörkuðum svæðum er þó um gróðurþekju að ræða og telur Skipulagsstofnun að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði vegna rasks á gróðri en að áhrifin verði ekki veruleg þar sem röskuð gróðursvæði verða grædd upp og votlendi verður ekki raskað. Stofnunin telur líklegt að fuglar geti orðið fyrir nokkrum neikvæðum áhrifum vegna búsvæðataps. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að að haft verði samráð við minjavörð Norðurlands vestra, um endanlega legu strengsins og að fylgt verði fyrirmælum hans um mögulegar mótvægisáðgerðir gagnvart einstaka fornleifum eins og Landsnet áformar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tenging Blönduveitu með 66 kV jarðstreng sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.


Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Húnavatnshrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig leyfi Orkustofnunar til flutnings raforku skv. raforkulögum. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja

fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022. Ekki er hægt að staðfesta aðalskipulagbreytinguna fyrr en eða um leið og samsvarandi breyting á svæðisskipulagi Miðhálandisins hefur verið staðfest.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 27. júní 2014.

Rut Kristinsdóttir



Jakob Gunnarsson

Skipulagsstofnun